

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 58/2002

frá 31. maí 2002

**um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2002 frá 19. apríl 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/34/EB frá 22. júní 2000 um breytingu á tilskipun ráðsins 93/104/EB um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma þannig að hún taki til þeirra geira og starfsemi sem fellur utan gildissviðs þeirrar tilskipunar ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 28. lið (tilskipun ráðsins 93/104/EB) í XVIII. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32000 L 0034:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/34/EB frá 22. júní 2000 (Stjtið. EB L 195, 1.8.2000, bls. 41).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Sú skylda sem kveðið er á um í i-lið a-liðar í lið 2.4. í 2. mgr. 17. gr. um að áframsenda ákveðnar tilkynningar, skýringar og álit til Evrópuþingsins gildir ekki um EFTA-ríkin né EFTA-stofnanir.“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 154, 13.6.2002, bls. 25 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 29, 13.6.2002, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 195, 1.8.2000, bls. 41.

2. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/34/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. maí 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.